

## Kristján Þór Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

15. júlí 2021

Strandveiðitímabilið 2021 er nú langt komið. Alls 40 veiðidögum lokið af 66. Almennt má segja að veiðar hafi gengið nokkuð vel er frá eru talin meginhluti svæðis D og Austurland. Á þeim svæðum er afli umtalsvert lakari en á síðasta ári.

Þegar litið er til heildarinnar er staðan þannig á einstökum svæðum:

### Svæði

	A		B		C		D	
	2021	2020	2021	2020	2021	2020	2021	2020
Útgefin leyfi	260	246	145	136	117	121	156	164
Með löndun	255	244	143	131	108	113	148	159
Landanir	5.303	5.346	2.426	2.457	1697	1695	2.006	2.722
Afli	3.846 Tonn	3.874 Tonn	1.523 Tonn	1.532 Tonn	1.052 Tonn	977 Tonn	1.202 Tonn	1.726 Tonn
Afli pr. bát	15.084 Kg	15.877 Kg	10.651 Kg	11.695 Kg	9.743 Kg	8.646 Kg	8.118 Kg	10.855 Kg
Afli pr. róður	725 Kg	725 Kg	628 Kg	624 Kg	620 Kg	576 Kg	599 Kg	634 Kg
Afli pr. dag	96 Tonn	92 Tonn	38 Tonn	36 Tonn	26 Tonn	23 Tonn	30 Tonn	41 Tonn

### Samtals

2021	2020
678	667
654	647
11.432	12.220
7.623 Tonn	8.109 Tonn
11.656 Kg	12.533 Kg
667 Kg	664 Kg
191 Tonn	193 Tonn

Af þeim tölum sem hér eru framreiddar má sjá að strandveiðar hafa öðlast ákveðið jafnvægi. Tvö ár í röð nánast sami afli, fjöldi róðra (ath. rauðir dagar), afli í róðri og þátttaka í veiðunum.

Það sem eftir lifir tímabilsins er reynslan sú að draga mun úr afla á svæði A, sem nú er 96 tonn á dag, en á öðrum svæðum er tilhneiging til að hann aukist með öflugri fiskgengd á veiðislóð strandveiðibáta. Hafa ber þó í huga eins og einatt að gæftir í ágúst hafa oft reynst stopular.

Í ágúst hafa strandveiðibátar 17 daga til að ná þeim 12 dögum sem þeim er heimilt að róa. Að óbreyttu verða dagar til strandveiða einungis sjö í ágúst. Þannig að strandveiðar verði út tímabilið er það mat LS að bæta verði við um 1.500 tonnum af þorski.

Það er mikilvægt að ákvörðun um slíkt verði tekin sem fyrst þannig að sem gleggstar upplýsingar liggi fyrir þann 20. júlí sem er síðasti dagur til að ákveða hvort viðkomandi ætli að vera á strandveiðum í ágúst.

Virðingarfyllt



Arthur Bogason formaður



Örn Pálsson framkvæmdastjóri